

Orkustofnun
Skúli Thoroddsen
Grensásvegi 9
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 29. febrúar 2016
2016020006/42-0

TB
jgo/tb

Rannsóknarleyfi vegna virkjunar Hvanneyrardalsár í Ísafirði við Ísafjarðardjúp

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags.8. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn VesturVerks ehf. um rannsóknarleyfi vegna áætlana um virkjun Hvanneyrardalsár í Ísafirði við Ísafjarðardjúp í Súðavíkurbreppi. Fram kemur í umsókninni að gert er ráð fyrir að geta lagt virkjunarkostinn fram í IV áfanga rammaáætlunar.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir erindið og gerir ekki athugasemd við að leyfi sé veitt til rannsókna í samræmi við þær forsendur sem gefnar eru um leyfi til rannsókna á svæðum sem ekki hefur verið tekin afstaða til sbr. 5. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011. Stofnunin bendir á að svo virðist sem rannsóknasvæðið skarist aðeins við friðlandi í Vatnsfirði, sjá meðfylgjandi mynd, en um það gilda sérstakir friðlýsingarskilmálar, sjá auglýsingu nr. 96/1975 http://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Friðlyst-svaedi/Auglysingar/vatnsfjordur_96_1975.pdf. Einnig bendir Náttúrufræðistofnun á að rannsóknasvæðið er við svæði í botni Ísafjarðar sem er á náttúruminjaskrá nr. 320 „Dalbotninn vestan hreppamarka upp að efstu klettabrúnum, frá Hestakleif suður á móts við Torfadal. Sérstætt gróðurfar.“ Náttúrufræðistofnun gerir ráð fyrir að á þetta sé bent í leyfisveitingu, verði að henni, og farið eftir þeim reglum sem um friðlýst svæði gilda sem og svæði á náttúruminjaskrá.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

Meðf: Mynd af rannsóknasvæðinu



